

**Nð.**

**II. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. okt. 1905, um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Brunabótasjóður bætir  $\frac{5}{100}$  alls þess brunaskaða á húsum, váttrygðum í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo litill, að ekki nemi 20 krónum í 2000 króna húseign og meiri, eða  $1\frac{0}{100}$  á minni húseignum, en þá skal eigandi hafa skaða óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum, sem stafa af björgunartilraunum.

2. gr.

Aftan við 4. gr. bætist:  
. . . . eða innlendu.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:  
Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Fyrsti málsliður 18. gr. orðist svo:  
Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endur tryggja helming þeirra fimm sjöttu hluta allra hibýla o. s. frv.

#### Astæður fyrir frumvarpinu.

1. Misrjetti mikið kemur fram milli sveitabúa og kaupstaðabúa við samanburð á lögum þessum frá 1905 og lögum um brunabótafjelag Íslands frá 1907, þar sem gert er ráð fyrir tryggingu  $\frac{5}{6}$  húseigna í kaupstöðum, en að eins  $\frac{2}{3}$  í sveitum. Þetta misrjetti fælir sveitamenn frá að stofna tryggingarsjóði.
2. Veðhæfi húsa í sveitum er rýrt að miklum mun með tryggingarleysi á  $\frac{1}{3}$  eignar, og hnekkir það tilfinnanlega lánstrausti húseiganda, ef hann neyðist til að tryggja hjá sveitarsjóði.
3. Tryggingarleysi á  $\frac{1}{3}$  húseigna dregur úr áhuganum á húsabótum í sveitum og knýr þá, sem vönduð hús reisa, til að leita á náðir rándýrra, útlendra tryggingarfjelaga.
4. Reynslan bendir eigi til þess að brunahætta sje meiri í sveitum en í kaupstöðum, og engin ástæða er til að gruna sveitamenn, fremur kaupstaðabúum, um hrekkvísí í meðferð trygðra húsa. Þess vegna er aðhaldið með tryggingarleysi  $\frac{1}{6}$  eignar jafn-örugt í sveit sem kaupstað.